

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Vopnafirði



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	30.5.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hreiðar Geirsson	<b>Staðsetning</b>	691175,044 590358,894

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust engin frávik frá kröfum í starfsleyfi og ekki var gerð athugasemd við stöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Vopnafirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Rekstrarhandbók var ágætlega færð.

Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu. Olíuskilja er þjónustuð að lágmarki árlega.

Fimm geymar eru í stöðinni. Þrjú geymar voru botnþykktarmældir árið 2014 og eru í notkun, en gert var við geymi# T0059 og hann aftur tekinn í notkun. Lagnir hafa verið þrýstiprófaðar, síðast árið 2014.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Þróin er steynsteypt og áætlanir eru um að yfirfara og þetta steypuskil og mögulegar sprungur í steypunni núna þegar unnið er að nýju starfsleyfi fyrir olíubirgðastöðina.

Loki í mengunarvarnarþró stóð lokaður eins og tilskilið er.

Girðingar og hlið voru í lagi.

## ATHUGASEMDIR

Ekki var gerð athugasemd við stöðina.

## ANNAÐ

Fara skal yfir steypuskil og mögulegar sprungur í steypu í mengunarvarnarþró um geyma stöðvarinnar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.08.2017

Gottskálk Friðgeirsson